

# 15. fundur Ungmennaráðs Norðurlþings

*Haldinn 1. október 2024 í fundarsal stjórnsýslunnar að Garðarsbraut 5, 2. hæð Húsavík kl.*

*20:00*

Mætt voru: Lilja Mist, Margrét Sif, Heiðdís Dalrós, Einar Örn, Hrefna Björk, Bergdís Björk  
og Jón Christoph

Hafrún Olgeirsdóttir íþróttá- og tómstundafulltrúi ritaði fundargerð

Dagskrá:

## 1. Yfirferð á Samþykktum ungmennaráðs

*Fyrir Ungmennaráði liggja til kynningar samþykktir um ungmennaráð þar sem kveðið er á um hlutverk ráðsins, réttindi og skyldur.*

Bókun fundar: Íþróttá- og tómstundafulltrúi fór yfir samþykktir um ungmennaráðs og starfsemi ráðsins.

## 2. Kosning formanns, varaformanns og ritara

*Fyrir ungmennaráði liggur að kjósa í hlutverk ráðsins:*

Bókun fundar: Ungmennaráð samþykkir samhljóða að hlutverkin verði eftirfarandi:

Formaður verði Lilja Mist Birkisdóttir

Varaformaður verði Einar Örn Elíasson

Ritari verði Bergdís Björk Jóhannsdóttir

## 3. Ungmennaping á Laugum í Reykjadal 14.-15. október

*Til umræðu var Ungmennaping SSNE sem haldið verður á Laugum í október.*

*Sveitarfélaginu er heimilt að tilnefna 3-4 fulltrúa á þingið ásamt starfsmanni.*

Ungmennaráð felur íþróttá- og tómstundafulltrúa að finna aðila á þingið en aðeins einn aðili úr ungmennaráði hefur tók á að fara. Það hittir þannig á að

Framhaldsskólinn á Húsavík er að fara frumsýna leikrit í sömu viku svo þau hafa síður tók á að mæta á þingið að þessu sinni. Þau vilja að tímasetningin sé endurskoðuð.

## 4. Umhverfis- og loftlagsstefna Norðurlþings

*Fyrir ræðinu liggja drög að umhverfis- og loftlagsstefnu sveitarfélagsins.*

Ungmennaráð Norðurþings ályktar að sveitarfélagið ætti að leggja áherslu sína á að fjölga ruslatunnum í sveitarfélaginu. Þeim finnst einnig mikilvægt að það sé fjölgað gönguleiðum, sérstaklega séu upplýstir og upphitaðir stígar fyrir skólabörn sem þurfa að ganga jafnvel frá skóla og í íþróttir.

Þau vilja einnig fjölga gönguleiðum í kringum þéttbýli Húsavíkur og Kópasker.

Þeim finnst eins og fjölga mætti hjólreiðastígum út um allt sveitarfélag.

## 5. Önnur mál

### *Mærudagar á Húsavík*

Vantar eitthvað á Mærudögum fyrir unglíngastig og framhaldsskólakrakka. Eru opin fyrir því að breyta tímasetningunni en verða að vera að sumri til.

### *Stúka og gólf í íþróttahöll*

Stúkan er hættuleg og orðin alltof gömul. Það þarf að fara í nauðsynlegar endurbætur á henni og gólfi samhliða.

### *Mörkin á Dúddavelli – ný net*

Endurnýja þarf netin á Dúddavelli, þau eru öll rifin og þjóna ekki lengur tilgangi sínum.

### *Borgarhólsskóli – gólf og veggir í gömlu byggingu*

Fara í endurbætur á gólfi og mála veggir í eldri byggingu Borgarhólsskóla.

### *Stúka og gervigras á íþróttavöll*

Eftir stórgóðan árangur mfl kk í knattspyrnu í sumar þá verður að huga að því að byggja stúku og setja nýtt gervigras.

### *Félagsstarf fyrir framhaldsskólakrakka*

Það vantar skipulagt félagsstarf fyrir krakka sem eru td ekki í skipulögðu íþróttastarfi og eru á framhaldsskólaaldri.

### *Sundlaugin í Lundi*

Mjög mikilvægt að fara í endurbætur á sundlauginni í Lundi svo sé hægt að kenna þar sundkennslu og svo hægt að hafa opið yfir sumartímann.

### *Nettó – betri matvöruverslun*

Mjög mikilvægt að hafa fjölbreytni í matvöruverslun og lengri opnunartíma í sjoppum á sumrin sérstaklega. Ferðamenn sem eru að koma hingað hafa engan stað til að versla á seint á kvöldin.

Hrefna Björk Hauksdóttir

Eivur Ötu Elísson

Heiðís Daltós Sigurðardóttir

**Fleira var ekki rætt. Fundi slitið: 20:50**

Lilja Míst Birkisdóttir

Margrét Sif Jóhannsdóttir